

og þar sem það ekki er vefengt í málinu, að áfrýjendurnir sjeu rjettir hlutaðeigendur samkvæmt greindum ákvörðunum, ber að taka til greina kröfu þeirra um að þeir fái í hendur andvirði hins selda reka. Málskostnaður þykir eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og eptirfarandi uppboð ómerkt. Hinn stefndi sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson fyrir hönd hins opinbera greiði áfrýjendunum, hverjum þeirra að rjetttri tiltölu, söluandvirði vogreka þeirra, er ræðir um í málinu og sem seld voru á hinu áfrýjaða uppboði. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúarmánaðar.

Nr. 32/1893:

Sigfús Eymundsson

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Fyrir nokkrum árum var gagnáfrýjandi máls þessa Sigurður Jónsson, að brjótast í því að koma á fót fje­lagi, er hjeldi út gufubát til ferða um Faxaflóa, og

sumarið 1890 fór hann til Skotlands til þess að kaupa gufubát í þessu skyni. Samtímis honum var þá einnig í Skotlandi aðaláfrýjandinn, Sigfús Eymundsson, í öðrum erindagjörðum. Samdist svo með þeim Sigurði og Sigfúsi, að Sigfús skyldi leggja til gufubátskaupanna 500 kr. Það varð þó ýmsra orsaka vegna ekkert af því, að gagnáfrýjandi keypti gufubát í þessari ferð sinni, þótt hann hefði augastað á einum slíkum bát, en hann hafði eigi nægilegt fje til að borga hann með, enda var eigi búid að gjöra nauðsynlega skodunargjörð á honum. Fór hann því upp hingað svo búinn, en áður hann færi, fól hann aðaláfrýjanda að kaupa bát þennan, ef hann reyndist eptir óskum, en að öðrum kosti að kaupa annan góðan bát; þetta undirgekkst aðaláfrýjandi, og lofaði að leggja út nokkuð af kaupverðinu, fram yfir áðurnefndar 500 kr., þangað til gagnáfrýjandi gæti sent honum peninga. Þegar áðurnefndur bátur var skodaður eptir burtför gagnáfrýjanda til Íslands, reyndist hann óhæfilegur og varð ekkert úr kaupum á honum. Aðaláfrýjandi gjörði sjer þá ferð um á Skotlandi, til þess að grennslast eptir gufubátum, er hentugir væru, og varð það úr, að að hans undirlagi var keyptur gufubáturinn »Evterpe«, sem seinna var kallaður »Faxi«. Áður kaupin voru fullgjörð, fór aðaláfrýjandi frá Skotlandi, og fól öðrum að fullgjöra kaupin, og var það gjört. Lagði svo báturinn á stað upp til Íslands, en komst eigi lengra að sinni en til Stornoway, því að skipshöfnin neitaði að fara með honum hingað, og var orsökkin sú, að gufuvjelin hafði aflagazt eitthvað. Var því aptur farið með bátinn til Leith; var þar gjört við hann og þar lá hann um veturinn. Á næsta vori í júnímánuði var báturinn fluttur hingað, og gekk hann um sumarið um Faxaflóa

mestmegnis undir stjórn aðaláfrýjanda, en um haustið hinn 7. nóv. sökk hann í óveðri miklu á Reykjavíkurhöfn, og bjargaðist eigi af honum nema lítilfjörleg timburbrot, er seld voru á uppboði. Vantaði þá eptir reikningi aðaláfrýjanda mjög mikið upp á, að báturinn og kostnaðurinn við uppflutning hans væri borgaður, og taldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda það til skuldar. Útaf þessari skuld höfðaði Sigfús Eymundsson mál á móti Sigurði Jónssyni, og var því ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 25. maí f. á., þannig, að gagnáfrýjandi var skyldaður til að greiða aðaláfrýjanda upp í hina umstefndu skuld 2536 kr. 47 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður var látinn falla niður og málsfærslumaður gagnáfrýjanda Egill Egilsson dæmdur í 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er hálf renni í landssjóð og hálf í bæjarsjóð Reykjavíkur. Þessum bæjarþingsdómi hefur bóksali Sigfús Eymundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 29. júlí f. á., og hefur hann krafizt þess, *principaliter*, að Sigurður Jónsson verði dæmdur til að greiða sjer 6693 kr. 19 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, *in subsidium*, 2108 kr. 59 a. auk upphæðar þeirrar, sem honum er tildæmd með bæjarþingsdóminum, samtals 4645 kr. 06 a. með sömu vöxtum, svo og allan málskostnað, en verði þessar kröfur eigi teknar til greina, krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur kaupmaður Sigurður Jónsson gagnáfrýjað dóminum í máli þessu með stefnu 17. ágúst f. á., svo og tveimur úrskurðum, uppkveðnum 6. apríl og 13. apríl f. á., en með úrskurðum

Þessum var honum neitað um frest í málinu, og hefur hann krafizt þess, að úrskurðirnir verði úr gildi felldir, og málið sett í það horf, er það var í 6. apríl f. á. og heim vísað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar, allt á kostnað hjeradsdómarans, sem gagnáfrýjandi hefur stefnt til ábyrgðar; *in subsidium* krefst hann þess, að hann verði alveg sýkn dæmdur í málinu, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum skaðlaust, eða eptir mati yfirdómsins; loks krefst hann þess, að sekt sú, er málsfærslumaður hans Egilsson var dæmdur til að greiða í undirrjettinum, verði alveg felld burtu. Þar sem umboðsmaður aðaláfrýjanda hefur mætt í málinu fyrir yfirdómi einnig fyrir hönd hins stefnda undirdómara og gjört þá rjettarkröfu, að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður af hálfu gagnáfrýjanda, hefur gagnáfrýjandi mótmælt þessari kröfu með þeim rökum, að umboðsmaðurinn hafi mætt fyrir undirdómarann án nægilegrar löggildingar frá landshöfðingja, og verði því að álíta hann sem hafandi ekki mætt.

Með úrskurðinum, er upp var kveðinn 6. apríl f. á., var gagnáfrýjanda neitað um frest til að leiða nafngreint vitni í málinu, er þá var tjáð að væri erlendis, en nú hefur því af hálfu mótpartsins verið lýst yfir, að tjeð vitni hafi verið komið hingað til lands þegar hinn 24. marz f. á., og hafi því verið nægur tími fyrir gagnáfrýjanda til að stefna vitninu án frekari frestveitingar. Þessu hefur eigi verið mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda, og verður því nefndur úrskurður eigi felldur úr gildi. Úrskurðurinn 13. apríl lýtur að því, að eptir að umboðsmaður aðaláfrýjanda hafði látið bóka nokkra klausu, innihaldandi mótmæli gegn síðasta varnarskjali

gagnáfrýjanda, - það umboðsmaður gagnáfrýjanda um frest til andsvara og útskrift af hinu bókaða. Þessi úrskurður virðist og á rökum byggður, með því að ekkert nýtt kom fram í hinu bókaða af hálfu aðaláfrýjanda.

Þá er nú kemur til aðalefnis málsins, skal þess getið, að þegar báturinn »Everterpe« lagði á stað frá Skotlandi í fyrra sinnið, var eftir skýrslu aðaláfrýjanda allur kostnaður við bátinn orðinn 9784 kr. 46 a.; kostnaður, er leiddi af flutningi hans aptur frá Stormoway til Leith, viðgjörð á honum þar og flutningi hans þaðan til Íslands árið eptir, hefur numið einnig eptir reikningi aðaláfrýjanda 4145 kr. 92 a.; kostnaðurinn við útgjörð bátsins á Faxaflóa þá um sumarið varð, einnig eptir reikningi aðaláfrýjanda, 4461 kr. 30 a. Var þannig allur kostnaður við bátinn, að kaupverði hans meðtöldu, orðinn um haustið þegar hann fórst kr. 18391,68; upp í þetta hefur verið borgað:

af gagnáfrýjanda . . . . .	kr. 4725,00	
tillag aðaláfrýjanda og annars manns . . . . .	— 1500,00	
tekjur af ferðum bátsins . . . . .	— 2377,53	
tillag úr landssjóði . . . . .	— 3000,00	
uppbóðsandvirði fyrir leifar bátsins . . . . .	— 95,96	— 11698,49
		eptir óborgað kr. 6693,19.

Þessa upphæð krefur aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda um, og ber fyrir sig í því efni, að hann hafi keypt bátinn eptir beiðni og gegn ábyrgð gagnáfrýjanda hvað borgun snerti, enda hafi hann verið aðaleigandi að bátnum, þótt hann, aðaláfrýjandi, og annar maður hafi átt 1500 kr. í honum. Í þessu efni skýrskotar aðaláfrýjandi sjer-

staklega til umboðs þess (þótt eigi væri skriflegt), sem gagnáfrýjandi gaf honum til þess, að kaupa gufubát, áður en hann fór frá Skotlandi, svo og til brjefa gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda frá 17. júlí 1890, 28. sept. s. á. og 12. des. s. á. Í hinu fyrsta brjefinu getur gagnáfrýjandi þess, að illa hafi reynzt með bátinn, nefnilega sem hann hafði augastað á. »en þessi bátur, sem þú talar um, er langtum betri eptir því sem þú skrifar, og er sjálfsagt að kaupa hann, fyrst þjer líkar hann«; »jeg skal sjá um borgunina, ef þú getur fengið hann ódýrari en 500 pund eða 50 pundum minna«; »en jeg skal borga, ef ekki fást nógar aktiur«, »bara kaupu bátinn, ef þjer sýnist um hann, og ef þú getur fengið hann upp fyrir það sem þú talar um«; og síðast í brjefinu stendur: »Jeg skrifa þjer ekki meira í þetta sinn, en kaupu«. Í brjefinu 28. sept. 1890 segir gagnáfrýjandi, eptir að aðaláfrýjandi hafði skýrt honum frá, að báturinn hefði á leiðinni hingað eigi komizt lengra en til Stornoway, og orðið að hverfa þar aptur, af því fólkið hafi gjört »uppistand« og brotnað eitthvað litilsháttar í maskínunni: »Það hefur farið vel með bátinn úr því sem gjöra var, og er gott að hann liggur í Leith í vetur«; í sama brjefi talar hann og nm, að hann muni greiða 2000 kr. upp í bátinn, sem umtal var um. Samkvæmt þessu verður að álíta það fullsannað, að gagnáfrýjandi hafi bedið aðaláfrýjanda að kaupa bát fyrir sig og lofað að borga andvirði hans, að undanskildum þeim 500 kr., sem aðaláfrýjandi lagði til bátskaupanna. Samt sem áður hefur gagnáfrýjandi skorazt undan að greiða meira upp í andvirði bátsins, en hann þegar hefur borgað, og færir til þær 3 aðalástæður, að báturinn hafi verið dýrari en hann hafi

heimilað, að gufubáturinn Faxi hafi að öllu útliti og ásigkomulagi verið miklu lakari en bátur sá, sem lýst var í brjefi aðaláfrýjanda 11. júlí 1890, svo að það hafi eigi getað verið sami báturinn, og 3. að aðaláfrýjandi hafi aldrei afhent sjer bátinn, en hafi sjálfur haft alla stjórn og umsjón yfir honum.

Að því er fyrsta atriðið snertir, skal þess getið, að orðin í brjefi gagnáfrýjanda 17. júlí 1890 eru svo víðtæk eða í öllu falli svo óákveðin, að það verður að álitu, að aðaláfrýjandi hafi mátt verja allt að 500 pd.st. til innkaupa á bátnum og auk þess 1000 kr. til heimflutnings á honum til Íslands, en til þessa hvorstveggja verður að teljast kostnaður við útvegum bátsins og útgjörð hans til Íslands, eða með öðrum orðum kostnaður sá, er á var fallinn áður bátur lagði fyrra skiptið á stað frá Skotlandi, en hann var svo sem fyr er áminnt 9784 kr. 46 a. Það verður því eigi álitid, að aðaláfrýjandi hafi keypt skipið dýrara verði en honum var heimilt. Hinum einstöku útgjaldapóstum, sem fólgir eru í upphæðinni 9784 kr. 46 a. jafnhliða skipsverðinu, hefur gagnáfrýjandi eigi mótmælt sjerstaklega og skorinort, þótt hann hafi látið í ljósi efa um eða vefengt skýrslu aðaláfrýjanda um, að þeir væru rjettir. Það verður því eigi álitid rjett, að hnekkja þeim sakir þessarar óákveðnu vefengingar gagnáfrýjanda. Þó er það rjett athugað af undirdómaranum, að þar sem stefnandi á undirrjettarskjali nr. 13 telur sjer borgun fyrir 12 daga dvöl á Skotlandi, þá mun það vera oftalið um einn dag, og ber því að draga frá upphæðinni  $\frac{1}{12}$  eða 12 sh. = kr. 10,80 aur.

Þá kemur til hinnar annarar sýknunarástæðu gagnáfrýjanda, sem sje að báturinn »Faxi« hafi þegar hann

kom hingað, verið allt öðruvísi, reynzt miklu lakar og verið miklu ófullkomnari en aðaláfrýjandi lýsti honum í brjefi sínu til gagnáfrýjanda 11. júlí 1890. Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann í tjeðu brjefi hafi meðal annars skrifað, að hann mundi eigi láta sjer það nægja, að hann sjálfur skoðaði bátinn og að honum sjálfum líkaði hann, heldur mundi hann láta kunnuga menn skoða hann, áður en hann fullgerði kaupin; hann gat þá og um það, að báturinn hjeti »Everterpe«. Þetta stendur að vísu eigi í þeim hluta brjefsins frá 11. júlí 1890, er fram hefur verið lagður af gagnáfrýjanda hálfu, en það hefur verið skorað á gagnáfrýjanda, að leggja hinn hluta brjefsins fram, ef hann eigi kannist við þessa frásögn aðaláfrýjanda. Með því að hann eigi hefur gegnt þessari áskorun aðaláfrýjanda, verður þessi skýrsla hans hjer að lútandi að takast til greina. Með skoðunargjörð, sem fram hefur verið lögð í málinu, virðist mega telja það sannað, að gufubáturinn hafi, þegar hann fór frá Skotlandi, í öllu verulegu verið eins og aðaláfrýjandi hafði lýst honum; á hinn bóginn er það eigi sannað, að gufubáutrinn hafi verið fúinn, eða að töluvert ólag hafi verið á maskínunni frá upphafi; aflögunin á maskínunni virðist hafa stafað af illri meðferð og vanbirðingu á henni, eptir að báturinn kom hingað upp. Það verður þannig eigi álitid sannað, að báturinn Faxi hafi verið annar bátur en sá bátur, sem aðaláfrýjandi lýsti í brjefi sínu 11. júlí 1890, og sem hann tjáist þá hafa nefnt »Everterpe«.

Hin 3. aðalvarnarástæða gagnáfrýjanda er, að honum hafi aldrei verið afhentur báturinn Faxi, er hann kom hingað; aðaláfrýjandi hafi að öllu leyti tekið hann undir sín umráð, og ráðstafað honum, svo sem

hann væri einn eigandi hans. Að vísu mun aðaláfrýjandi hafa haft aðalráðstöfun yfir bátnum, enda var það eðlilegt, þar sem hann var búsettur í Reykjavík, enda átti hann og annar maður, sem hafði falið honum umboð yfir bátnum að sínum hluta, nokkra peninga í honum (alls 1500 kr.), og auk þess hafði hann lagt út talsvert af andvirði hans, án þess að það væri endurgoldið af hálfu gagnáfrýjanda, og var því eðlilegt, að hann eigi vildi sleppa bátnum alveg undan umráðum sínum. Á hinn bóginn er það sannað í málinu, að gagnáfrýjandi hafi tekið þátt í að ráðstafa bátnum, og fleirsinnis komið fram sem eigandi eða umráðamaður yfir honum; hann notaði bátinn endurgjaldslaust í sínar þarfir, tók þátt í afgreiðslu hans, og skömmu áður en báturinn fórst, leitadist hann við að selja aktíur í honum, eins og hann einnig gjörði hinar síðustu ráðstafanir með tilliti til bátsins, sem gjörðar voru áður en hann sökk, sem sje tók úr honum kol, sem í honum voru, og bar til í honum járnbarlestina. Það verður því að álíta að gagnáfrýjandi hafi de facto tekið á móti bátnum, kannast við, að hann var keyptur sjer til handa samkvæmt beiðni sinni, enda verður eigi sjeð, að hann hafi látið í ljósi neina óánægju með gufubátinn »Faxa«, fyr en hann var sokkinn, og að því kom, að klára skyldi reikninga hans.

Af kostnaði þeim, sem getið hefur verið um hjer að framan, og sem leitt hefur af kaupum, útbúningi og útgerð Faxa samtals að upphæð . . . kr. 9784,46 er borgað:

peningatillög einstakra manna kr. 6225,00

arður af ferðum bátsins . . . — 916,23

Flyt: — 7141,23 — 9784,46

	Flutt: kr. 7141,23	kr. 9784,46
andvirði af leifum sama . . .	—	95,96
ofreiknað samkvæmt framan-		
sögðu . . . . .	—	10,80 — 7247,99
		<u>          </u>
	eptir	kr. 2536,47

Þessa upphæð virðist gagnáfrýjandi ekki geta komizt hjá að greiða aðaláfrýjanda með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Þá kemur til álita sá hluti af kröfu aðaláfrýjanda, sem stafar af ferð bátsins til Stornoway, og skemmdum þeim, er hann þar varð fyrir, flutningi hans aptur til Leith og viðgjörð á honum þar, og loks flutningi hans til Íslands. Þessi kostnaður telst 4145 kr. 92 a., og eru af hálfu aðaláfrýjanda ógreiddar af honum 2037 kr. 33 a. Hitt hafði hann greitt, og með því að hann býst við, að gengið verði að sjer með borgun á allri upphæðinni, gjörir hann hjer kröfu til hennar allrar. Um þennan hluta kröfu aðaláfrýjanda (4145 kr. 92 a.) er öðru máli að gegna en um hinn hlutann, er stafaði af kaupum gufubátsins. Umboð gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda var á enda runnið, er aðaláfrýjandi fór til Íslands aptur sumarið 1890, eptir að hafa gjört ráðstafanir um kaup á bátnum og flutning hans til Íslands, og ekkert er framkomið um, að gagnáfrýjandi hafi falið honum á hendur þær frekari ráðstafanir viðvíkjandi bátnum í Skotlandi, sem hjer umræddur kostnaður stafaði frá, og því síður að hann hafi lofað að ábyrgjast honum endurgjald slíks kostnaðar. Og þar sem gagnáfrýjandi var eigi einn eigandi bátsins, en hann var eign fleiri manna í fjelagi, þar á meðal aðaláfrýjanda sjálfs að nokkrum hluta, þá verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi lagt út kostnað þennan fyrir fje-

lagsins hönd og í von um að fá hann endurgoldinn hjá því síðarmeir, og að hann því geti eigi krafizt hans hjá gagnáfrýjanda einum. Þegar af þessum fátæðum verður að fallast á, að undirdómarinn hefur vísað þessum kröfupósti á bug.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði í aðalefni hans og að því er snertir málskostnaðarákvæði hans og sektarákvæðið, sem þykir nægilega rökstutt af undirdómaranum. Undirdómaranum, sem stefnt hefur verið í gagnsóknarmálinu, verður eigi tildæmdur málskostnaður, með því að hann eigi hefur mætt í yfirdóminum, nje heldur látið málflutningsmann mæta þar fyrir sig með löggildingu til þess. Eptir atvikum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 58/1893:

Hið opinbera  
gegn  
Jóhannesi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 16. nóvember f. á., var hinn kærði Jóhannes Sigurðsson dæmdur fyrir brot gegn viðaukalögum 22.